

STJÓRNARTÍÐINDI B 157 – 2004

10. desember 2004

2531

Nr. 986

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim, með síðari breytingu nr. 492/2003.

1. gr.

2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða orðist svo:

Eftir 1. júlí 2005 mega þeir einir framkvæma aðalskoðun sem hlotið hafa faggildingu til þess.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 4. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og lögum nr. 134/1995 um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu að höfðu samráði við viðskiptaráðherra. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 10. desember 2004.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Magnús Jóhannesson.

14. desember 2004

Nr. 987

AUGLÝSING

um deiliskipulagsbreytingu á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi Akratorgsreits vegna Suðurgötu 47, 51 og 57.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 9. nóvember 2004, var samþykkt deiliskipulagsbreyting á deiliskipulagi Akratorgs vegna Suðurgötu 47, 51 og 57.

Breytingin felst í að bílastæði á lóð við Suðurgötu 47, 51 og 57 er breytt í íbúðarlóð þar sem heimilt er að reisa íbúðarhús með 8 íbúðum á þremur hæðum og bílakjallara sem stendur að hálfu ofan jarðar. Hámarkshæð húss er 11 metrar og nýtingarhlutfall lóðar getur orðið 0,91. Gert er ráð fyrir 1,75 bílastæði á íbúð á lóðinni. Við breytinguna eru lóðir númer

Gutenberg

47 og 51b sameinaðar og við það breytast lóðamörk lóðarinnar nr. 57 við Suðurgötu og nr. 26-28 við Skólabraut.

Deiliskipulagsbreytingin var auglýst samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 14. desember 2004.

Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar,

Þorvaldur Vestmann.